

FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR HALDINN 02.11.2016 Í KIRKJUHVOLI

Fundur nr. 147

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (D), Þorsteinn M. Kristinsson (D), Ragnheiður Hlín Símonardóttir (Ó) og Sverrir Gíslason (Ó).

Formaður setur fund og býður alla velkomna. Formaður stingur upp á Þorsteini M. Kristinssyn sem fundarritara og er það samþykkt, síðan er gengið til dagskrár.

Heilsuleikskólinn Kæribær kl 13:00

Mættar auk nefndarmanna:

Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri. Karítas Heiðbrá Harðardóttir fulltrúi foreldra boðaði forföll.

1. Starfsáætlun 2016-2017.

Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri fer yfir drög að starfsáætlun.

2. Skólanámskrá 2016-2017.

Guðrún fer yfir skólanámskrána. Er í vinnslu og verður yfirlarin í febrúar af leikskólanum skv. sjálfsmatsáætlun. Fyrri skólanámskrá í gildi fram að því.

3. Læsistefna.

Undirritaður var samningur sveitarfélagsins í vor við mennta- og menningarmálaráðuneyti um læsisstefnu (Þjóðarsáttmáli um læsi). Hvert sveitarfélag á að setja sér stefnu í þessum málum. Guðrún leikskólastjóri greinir frá stöðu málsins hjá leikskólanum.

4. Önnur mál.

Starfsmannamál:

Guðrún segir frá því að deildarstjóri hafi sagt upp störfum og því hefur verið auglýst eftir nýjum deildarstjóra. Umsóknarfrestur er til 15. desember næstkomandi. Fráfarandi deildarstjóra þakkað fyrir vel unnin störf og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Sóttir fundir leikskólastjóra:

Guðrún fór á fund með leikskólastjórum hjá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og fór jafnframt á fræðslufund leikskólastjóra hjá Kennarasambandi Íslands (KÍ).

Fjárhagsáætlun:

Formaður greinir frá því að skólastjóri, ásamt formanni fræðslunefndar, hafi hitt sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra og fylgt fjárhagsáætlun úr hlaði.

Fundur forstöðumanna skólastofnana:

Með vísan í síðustu fundargerð nr.146, þá hefur formaður nú þegar átt fund með skólastjórum grunn-, leik- og tónlistarskóla.

Guðrún sagði auk þess frá því að í dag verði haldinn starfsmannafundur í leikskólanum og hefur starfsmönnum í leikskólanum í Vík verið boðið til fundarins. Ástæða fundarins er að leikskólaráðgjafi ætlar að vera með kynningu á námsefninu um hann Lubba, námsefni í málörvun og hljóðvist.

QH
AHS

Guðrún hefur jafnframt haldið foreldrafund í september s.l.. Fulltrúi foreldra í leikskólanum var kjörinn þar, Karítas Heiðbrá Harðardóttir.

Fræðslunefnd kl 13:45

1. Breyting á skipan fræðslunefndar.

Leiðrétti. Á síðasta fundi fræðslunefndar nr. 146, var Unnar Steinn Jónsson (D) ranglega sagður sem fyrsti varamaður Rakelar Pálmadóttur (D). Hið rétta er að Þorsteinn M. Kristinsson (D), varamaður, tekur hennar sæti og Unnar Steinn Jónsson (D) færst upp sem fyrsti varamaður.

2. Önnur mál.

Reglur um skólaakstur:

Á 400. fundi sveitarstjórnar var samþykkt að fræðslunefnd í samvinnu við sveitarstjóra komi með tillögur að reglum um skólaakstur þar sem einnig verði settar reglur um akstur skólabarna úr dreifbýli sveitarfélagsins. Formaður greinir frá því að vinna sé hafin.

Kirkjubæjarskóli á Síðu kl 14

Mættir auk nefndarmanna:

Kjartan Hjalti Kjartansson skólastjóri og Linda Agnarsdóttir fulltrúi kennara. Enginn fulltrúi fyrir foreldra mætti á fundinn.

1. Starfsáætlun 2016 – 2017.

Kjartan, skólastjóri, greinir frá starfsáætluninni en drög að henni liggja fyrir fundinum. Afgreiðslu frestað.

2. Skólanámsskrá 2016-2017.

Kjartan, skólastjóri, greinir frá skólanámskránni. Námskráin liggur á veraldarvefnum, kbs.is. Námskráin er í endurskoðun skv. umbótaáætlun.

3. Læsistefna.

Samhljóða lið 3 undir málefnum leikskóla. Skólastóri greinir frá gangi máli varðandi læsistefnu fyrir hönd Kirkjubæjarskóla. Er í vinnslu og samræming við leikskóla á eftir að eiga sér stað.

Læsisiteymi Menntamálastofnunar héldu þrjá fundi, einn með starfsmönum, einn með foreldrum og annan með skólastjórnendum í grunn- og leikskóla.

Óvænt fundahlé Auðbjörg og Þorsteinn víkja affundi. Auðbjörg kemur aftur skömmu síðar og er ákveðið í samráði við fundarmenn að halda fundinum áfram.

4. Erindi til nefndar : Seinni hressingin í Kirkjubæjarskóla dagsett 6. október 2016.

Fræðslunefnd þakkar bréfritara fyrir bréfið. Skólastjóra og formanni fræðslunefndar er falið að finna viðeigandi lausn á málínus í samræmi við umræður fundarins.

5. Önnur mál.

Fundur forstöðumanna skólastofnanna:

Með vísan í síðustu fundargerð, þá hefur formaður nú þegar átt fund með skólastjórum grunn-, leik- og tónlistarskóla.

Fjárhagsáætlun:

Formaður greinir frá því að skólastjóri, ásamt formanni fræðslunefndar, hafi hitt sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra og fylgt fjárhagsáætlun úr hlaði.
Skólastjóri greinir frá því að áhersla sé lögð á áætlun um viðhald og endurnýjun skólahúsnæðis.

Fulltrúar foreldrafélags

Þann 31. október s.l var foreldrafundur haldinn, þar var Lars Hansen kosinn sem fulltrúi foreldra og Guðbrandur Magnússon var kosinn sem varamaður.

Tónlistarskóli kl 15:30

Mættur auk nefndarmanna:
Einar Melax skólastjóri.

1. Starfsáætlun 2016-2017

Skólastjóri gerir grein fyrir starfsáætlun tónlistarskólans, er með hefðbundnum hætti en þess má geta að nú sinnir skólastjóri til viðbótar tónmenntarkennslu grunnskólans. Leggur fram stundatöflur, mikið að byrjendum í skólanum, einnig gert grein fyrir nemendafjölda o.fl.

2. Styrkur

Formaður greinir frá því að Kvenfélug Kirkjubæjarhrepps og Kvenfélagið Hvöt hafa ákveðið að gefa 100 þús. kr. hvort, sem nota á til kaupa á nýju píanói fyrir tónlistarskólann.

Fræðslunefnd og skólastjóri þakkar kvenfélögunum fyrir góðan hug og rausnalegar gjafir.

3. Önnur mál

Fundur forstöðumanna skólastofnanna:

Með vísan í síðustu fundargerð, þá hefur formaður nú þegar átt fund með skólastjórum grunn-, leik- og tónlistarskóla.

Fjárhagsáætlun:

Formaður greinir frá því að skólastjóri, ásamt formanni fræðslunefndar, hafi hitt sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra og fylgt fjárhagsáætlun úr hlaði.

Viðburðir:

Á döfunni eru m.a jólatónleikar, þátttaka í uppskeruhátið, árshátíð o.fl viðburðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. *16:05*

Fundargerð er tölvuskráð og er bls. *4*

Fundarritari: Þorsteinn M. Kristinsson/Auðbjörg B. Bjarnadóttir

Auðbjörg Bjarnadóttir
Auðbjörg B. Bjarnadóttir

Arndís Jóhanna Harðardóttir

Þorsteinn M. Kristinsson

Sverrir Gíslason

Sverrir Gíslason

Ragnheiður Símonardóttir

Ragnheiður Símonardóttir